

EFTIRLITSSKÝRSLA nr. 5

Sérstakt eftirlit sbr. 76. gr. laga nr. 60/2013

Dagsetning eftirlits: 23/7 – 25/7 - '19

Nafn fyrirtækis: Landsnet hf.

Framkvæmdasvæði: Kröflulína 3

Tengiliður fyrirtækis: Bjarni Jónsson

UST201910-178/10.05.04

Ábyrgðarmaður eftirlits: Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Staðsetning slóða með það fyrir augum að draga úr umhverfisáhrifum og eftirlit með umgengni og frágangi.

Ábendingar: Svæði 1. Sett út slóð frá mastri 25 að mastri 31. Þarna er reynt að fylgja melum og svæðum þar sem gróður er gisnastur. Milli mastra 26 og 27 liggur slóðin um mel þar sem ágætlega færi á því að taka skeringu. Þar sem leir er á yfirborði ætti að taka um 20 cm ofan af landinu. Þessu efni verður ekki fyrir komið við slóðina og þar sem þetta er gert ætti að flytja ofanafýtingu burt. Í þessu verki er gert ráð fyrir að taka svaðlag undan slóðinni og nota við frágang fláa. Á það skal bent að slíkt verklag á við þegar um vegagerð er að ræða þar sem unnt er að koma slíku efni fyrir í fláum og skeringum. Við slóðagerð er sjaldnast um slík svæði að ræða þar sem unnt er að koma þessu efni fyrir svo vel sé. Lagt hefur verið til að ekki sé tekið svarðlag undan slóðinni nema sérstakar ástæður séu til þess. Í stað þess að svarðlag liggja á grónu yfirborði við hlið slóðar og spilli enn frekar gróðri við slóðina ætti að láta af þessu verklagi. Fulltrúi 25% landeigenda ósáttur við að staksteinum sem tíndir eru úr slóðinni sé komið fyrir óreglulega utan við slóðina.


Svæði 2. Sett út slóð og aðkoma að möstrum þar sem slíkt vantaði á kaflanum frá mastri 190 að Möðruvallaleið að mastri 215. Þar sem ekki var búið að setja út möstur var ákveðið í samráði við Guðmund Örn hjá ÍAV að skilgreina ekki nákvæmlega slóð að möstrum þar sem óvissa var um endanlega staðsetningu, en víða mátti finna eldri hæla. Á þessu svæði hefur á stuttum kafla verið tekið svarðlag undan slóðinni þar sem hún liggur um gisinn grávíði. Með þessari aðgerð hefur verið búinn til skorningur sem fyllast mun af vatni og ætti að sléttfylla sárið með mól á þessum stað. Þar sem ljóst er að enginn flái er á slóðinni hefur svarðlaginu verið komið fyrir við hlið slóðarinnar þar sem það mun spilla gróðri enn frekar (sjá myndir frá Aðalsteini). Komið á framfæri ábendingum um að hætta þessu og í stað þess keyra þunnt lag í hjólför þar sem þess þarf. Við slíkar aðstæður getur grávíðir náð sér á strik milli hjólfara og jafnvel í hjólförum.

Svæði 3. Sett út slóð frá námu 28 að námu 27. Reynt að þræða mela og þar sem talið er að grunnt sé á grjóti. Lagt er til að keyra efni í eldri hjólför þar sem slíkt er talið henta. Reynt er að stytta slóðina þarna eins og kostur er. Í námu 28 er efni mjög leirborið og er því keyrt út í allt að 60 cm þykkt. Slóð sem lögð hefur verið frá Grenisöldu að námu 28 er gerð með þeim hætti að mótuð hefur verið fylling úr uppmokstri skurða sem látin hefur þorna og síðan hefur verið ekið mól ofan á fyllinguna. Þar sem mól er enn til staðar stendur slóðin furðanlega, en þar sem mól er ekki til staðar hafa myndast hvörf í slóðina þar sem blaut moldin veðst upp. Kannski er ástæða til að skoða hvort leirkennt efni sem nú er ekið úr námu 28 vaðist upp á svipaðan hátt í vætutið ef ekki verður keyrt burðar- eða styrktarlag ofan á leirfyllinguna? Að fara um þetta svæði á fjór- eða sexhjóli er til mikilla bóta. Leggja áherslu á að takamarka rask utan slóða og náma eins og kostur er.

Frávik: Engin

Niðurstaða eftirlits: Reynt að hlífa gróðri og forðast flóa og mýrar eins og kostur er.

18. október 2019, Björn Stefánsson



f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.

Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.